



# Pési

ATH!! Næsti Pési kemur út í sept. Efni þarf að berast í síðasta lagi 4 sept.



Frá Bókasafni Hrunamanna



Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18



leitir.is



Gegnir

**Frá og með 1. september verður líka opið á fimmtudögum frá kl. 16-18.**

Lánstími safnefnis er 30 dagar nema annars sé getið. Munið að skila safngögnum, skilalúgan er alltaf opin ☺

Verið velkomin.


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook



## Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

## Tækjasalur í Íþróttahúsi. Opnunartími

Ágúst (8.-18.ágúst)

Mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga 17.30-20.30

Opnunartími mun breytast þegar skipulagðar íþróttæfingar hefjast



ágúst 2017  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
[svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

27. árgangur.  
317.tölublað.  
[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is).  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Ágústmánudur er runninn upp og styttist í að lífið og tilveran komist í fastar skorður þegar leik- og grunnskóli tekur aftur til starfa. Að mínu mati hefur sumarið verið gott, bæði veðurfarslega og almennt fyrir okkur hér í sveitarfélaginu. Ég á von á því að „uppskera“ sumarsins bæði hjá þeim sem eru í ræktun og að selja þjónustu til gesta og gangandi hafi verið góð. Það er orðið nokkuð augljóst að við erum komin í hringiðu aukins ferðamannastraums til Íslands og vonandi sjá æ fleiri tækifæri hér í sveit til að gera meira úr þeim straumi. Það er því afar ánægulegt að að sjá opnun staða eins og „fish and chips“ hjá Ragnari og Berglindi niður við Gömlu laug og Farmers bistro í Flúðasveppum. Við þurfum á svona frumkvæði að halda til að þróa okkur áfram sem stoppistöð ferðamanna og almennt til að auka þjónustu við íbúa.

Verslunarmannahelgin var mjög fjölmenn og og fór almennt vel fram eftir því sem ég heyri. Ég vil þakka ferða- og menningarnefnd að halda utan um skipulag á dagskrá helgarinnar og öðrum sem hjálpuðu til við verkefnið sem og Bessa sem var verkefnisstjóri viðburða helgarinnar. Dagskráin var fjölbreytt og mjög metnaðarfull og höfðaði greinilega til mikils fjölda fjölskyldufólks þó það sé talað minna um það í fjölmiðlum. Við megum þó aldrei gleyma því að okkar stefna er að halda fjölskylduhátíð en ekki útihátíð og því er umhugsunarefni hvernig unglingar haga sér á unglingatjaldsvæði tjaldsvæðisins. Ég veit að lögreglan og tjaldsvæðið voru með öflugra gæslu og betri en á síðasta ári. Það er auðvitað alltaf neikvætt að fá fréttir um upptöku fíkniefna sem voru áberandi í fréttum en það verður þó að líta á það með þeim gleraugum að núna var lögreglan t.d. með fíkniefnafund á svæðinu til að geta fundið slík efni. Því miður er það barnaskapur að halda því fram að ekki sé fíkniefnaneysla í samfélaginu og ef fréttir hefðu verið um að engin fíkniefni hefðu fundist á Flúðum þá hefði það þýtt að engin löggæsla hafi verið á svæðinu.

Síðan er það auðvitað umhugsunarefni, bæði gömul og ný, hvernig unglingar og stundum eldri haga sér stundum þegar menn koma saman. Þó það séu stórir ruslagámar tómir við hliðina á fólki nota þau þá ekki og síðan eru rotin eplin sem koma inn á svæðið eingöngu til að reyna að skapa vandræði sem mjög erfitt er að koma í veg fyrir. Oftast eru þetta aðilar sem ekki eru í gistingu heldur skjóta sér inn á svæðið eingöngu í þessum tilgangi. Ég vil hins vegar hrósa tjaldsvæðinu og þeim aðilum sem voru í hreinsun á rusli og öðru á Flúðum um helgina því mér sýnist heilt yfir hafi þau staðið sig mjög vel.

Auðvitað sviður svolítið að fréttáflutningur sé eingöngu af hinu neikvæða en ekki af öllum hinum góðu viðburðum sem fóru fram um helgina en þetta er nú víst sú „fjölmiðlafræði“ sem við þurfum að lifa við. Síðan verður þessi helgi auðvitað rýnd og örugglega rætt um hvert skuli stefna með þetta hjá okkur. Lokahátíð sumarsins verður síðan Uppskeruhátíðin sem verður haldin laugardaginn 2. september n.k. Vil ég hvetja sveitunga og aðra að nýta sér þetta tækifæri til að kynna starfsemi sína á þessum degi og koma sér og sínu á framfæri.

Það er einn fylgifyiskur sem fylgir auknum ferðamannastraumi og umsvifum í sveitarfélaginu en það er aukning á úrgangi með tilheyrandi kostnaði. Þetta er enn eitt árið sem veruleg aukning er á magninu og ljóst er að þessi málaflokkur verður sífellt umfangsmeiri. Það þarf að flokka meira og reyna að koma í veg fyrir að utanaðkomandi aðilar séu að losa úrgang á gámasvæðinu á Flúðum og mögulega breyta fyrirkomulagi á grenndarstöðvum og gera flokkun þar markvissari.

A vettvangi sveitarstjórnar hefur að venju verið rólegt sumar. Nú liggur fyrir hvernig fasteignarmat í Hrunamannahreppi verður á árinu 2018 en það hækkar hressilega eins og víðast um land eða um rúmlega 14%. Eflaust kemur það til skoðunar þegar álagningarprósentur verða skoðaðar í vetur. Það hefur tekist að koma flestum viðhaldsverkefnum af stað og hafa starfsmenn sveitarfélagsins staðið sig vel í smærri og stærri verkum sem ekki eru alltaf áberandi. Akurgerðið er komið vel af stað og verður mikil bylting þegar sú gata er klár. Búið er að skipta um hluta þaks á kennsluálmú Flúðaskóla sem er stærsta viðhaldsmálið en það er ljóst að við þurfum næstu árin að reyna okkar besta að halda viðhaldi skólans áfram.

Það eru aðeins breytingar í mannhaldi hjá sveitarfélaginu næsta vetur. Árni Þór Hilmarsson hefur hafið störf sem umsjónarmaður íþróttamannvirkja og íþrótta- og tómstundafulltrúi en hann verður einnig í starfshlutfalli í Flúðaskóla og hjá UMFH. Þá hefur Margrét Gunnarsdóttir hafið störf sem húsvörður í íþróttahúsi með meiru í stað Katrínar Emilisdóttur sem hefur látið af störfum sem ég þakka fyrir góð störf. Hins vegar vantar okkur enn að finna gott fólk til að sjá um félagsstarf fyrir aldraða í vetur og væru allar góðar ábendingar vel þagnar.

Að lokum vil ég minna fólk á að huga að umhverfi sínu, klippingum á trjám og gróðri og höfum hugfast að við berum öll ábyrgð á umhverfi okkar.

Ég vil óska öllum góðra sumarloka og eigum gott haust saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri



**RAFMAGNSVERKSTÆÐI  
JENS OG RÓBERTS**

**TÖKUM AÐ OKKUR:  
ALLA ALMENNA  
RAFVIRKJAPJÓNUSTU**



**SJÁUM UM TEIKNINGU  
OG HÖNNUN  
RAFLAGNA**

**JENS PÉTUR JÓHANSSON**  
893-7101  
RAFJENS@EYJAR.IS

**SMÆRRI JAFNT SEM  
STÆRRI VERKEFNI.**

**RÓBERT EINAR JENSSON**  
899-9554  
ROBBIRAF@SIMNET.IS



**Bíla- og  
smáflutningar  
8917772**



**Skólasetning.  
Skólasetning Flúðaskóla verður þriðjudaginn  
22. ágúst kl: 09:00-11:00  
Skólastjóri**

**80**  
**STAÐIR**  
UM LAND ALLT

**E** **EIMSKIP**  
Flytjandi



## ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

**E** **EIMSKIP**  
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

Ferð eldri borgara verður farin miðvikudaginn 31. ágúst kl. 10. Ferðinni er heitið á Akranes. Þar munum við skoða ýmsa merka staði. Á leiðinni til baka förum við um Hvalfjörð og skoðun Hermunasafnið. Áætluð heimkoma um kl 19. Nánar auglýst þegar nær dregur. Anna og Helga

Erum komin með vélar til að útbúa glussaslöngur  
Árni ehf



## Vinnuferð ÁSÆL

**Fara á vinnuferð laugardaginn 19. ágúst.  
Sinna á viðhaldi í Fosslæk ofl.  
Grill að loknum degi í boði félagsins.**

**Vinsamlega  
tilkynnið  
þátttöku**



**eigi síðar en  
fimmtudagskvöldið 17. ágúst til Jóns í síma 781-2599 eða  
á mailið [asaelkofavinafelag@gmail.com](mailto:asaelkofavinafelag@gmail.com)**

**Margar hendur vinna létt verk.  
Kveðja Stjórn ÁSÆL**

**Samkaup** strax

Flúðum

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 09:00-19:00

Laugardaga: 10:00-19:00

Sunnudaga: 11:00-18:00

Sími: 486 6633



**Fjallaraf**  
sími 662 0530

**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is



TAXI á svæðinu sem mun þjónusta  
Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Skeiða  
og Gnúpverjahr.

Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum eftir  
bestu getu.

TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN  
**fontana**  
Hölsulind frá landnámi

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási **432-2770.**  
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi 432-2000

VIOLA snyrtistofa  
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímamantanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.*

*Opnunartími .*

*Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00*

*Föstudaga: 09:00-12:00*



**Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!**

**Er mætt aftur til starfa og verð við eftir samkomulagi.  
(Félagar í Félagi eldri Hrunamanna fá afslátt (5.500))**

**Tímamantanir í síma: 863 0433**

**Allir velkomnir**

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Menningarklasi uppveita Árnessýslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

[www.upplit.is](http://www.upplit.is) –allir velkomnir



## Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



### Hafðu samband

Héðinsgata 1 – 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabil 773-1626

# Nesfrakt

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)

## Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

[graennaland@simnet.is](mailto:graennaland@simnet.is)

## Uppskeruhátíð Hrunamanna

Hin árlega uppskeruhátíð verður haldin laugardaginn 2. september.

Í félagsheimilinu verður markaður frá kl 12-17 og hvetjum við heimamenn að taka þátt og selja sína vöru.

Þeir sem óska eftir að leigja borð á markaðnum er beðnir um að senda inn borðapantanir á netfangið [uppskeruhatid@gmail.com](mailto:uppskeruhatid@gmail.com).

Kvenfélag Hrunamanna sér um allt utanumhald á markaðnum.

Verð á borðum er

1 borð 160 cm x 80 cm verð 4000

1 borð 120 cm x 80 cm verð 3500

Vinsamlegast takið fram í pöntun hvað er óskað eftir mörgum borðum, hvaða stærð og hvaða vöru er verið að selja.

Með uppskerukveðju, undirbúningsnefndin.



## Hrunamannahreppur

Óskar eftir tveimur einstaklingum til að sjá um félagsstarf eldri borgara í Heimalandi frá október til aprílloka. Upplýsingar hjá sveitarstjóra á skrifstofunni í síma 480 6600 netfang: [jon@fludir.is](mailto:jon@fludir.is)

## Frá Hrunaprestakalli

**Síðsumarsmessa í Tungufellskirkju sunnudaginn 13. ágúst kl.**

**14.** Prestur sr. Eiríkur Jóhannsson. Allir velkomnir.

**Hestamannamessa í Hrepphólakirkju sunnudaginn 20. ágúst kl.**

**14.** Hópreið leggur af stað frá Hrúna kl. 11:30 með viðkomu í Hlíð í Gnúpverjahreppi, þaðan sem lagt verður af stað kl. 12:30. Kaffihressing á eftir messu. Fjölmönnum!

**Uppskerumessa í Hrunakirkju laugardaginn 2. september kl.**

**11.** Fjölskylduhátíð. Grillaðar pylsur og leikir eftir messu. Allir velkomnir!

Sjáumst í kirkjunni!

*Óskar Hafsteinn Óskarsson*



## **KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA**

**Open 11:00 – 21.30, every day.  
Opíð alla daga frá kl. 11.00 til 21.30.**

Everyone welcome! / Verið hjartanlega velkomin!

Tel. 486-6454 / 846-9321 / 661-5935

<http://kaffisel.is>

Facebook: kaffisel



# Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4-800-900 eða á [slökkvitaeki@babubabu.is](mailto:slökkvitaeki@babubabu.is)

**Hólkar af rúlluplasti, eru endurnýtanlegir.**

**Á gámasvæðinu eru kör þar sem hægt er að losa sig við þá til endurvinnslu. Þeir eiga ekki að fara í almennt sorp!!**

